



Messías Magnificat

Vox academica


Jón Leifs camerata

Grafarvogskirkja 15. desember 2006 kl. 20

Georg Friedrich Händel (1685-1759)

Þættir úr **Messíasi** fyrir fjórar raddir og hljómsveit

1. Sinfonia (forleikur)
2. Comfort ye my people
3. Ev'ry valley shall be exalted
4. And the glory of the Lord
5. Thus saith the Lord
6. But who may abide the day of his coming?
7. And he shall purify
8. Behold, a virgin shall concieve
9. O thou that tellest good tidings to Zion
10. For behold, darkness shall cover the earth
11. The people that walked in darkness
12. For unto us a child is born
13. Pífa (pastoral symphony)
14. a) There were shepherds abiding in the field
b) And lo, the angel of the Lord came upon them
15. And the andgel said unto them
16. And suddenly there was with the angel
17. Glory to God
18. Then shall the eyes of the blind
19. He shall feed his flock
20. His yoke is easy and his burthen is lighth
44. Hallelujah



Johann Sebastian Bach (1685-1750)

Magnificat fyrir fimm raddir og hljómsveit

1. Magnificat
2. Et exultavit spiritus meus
3. Quia respexit humilitatem
4. Omnes generationes
5. Quia fecit mihi magna
6. Et misericordia
7. Fecit potentiam
8. Deposuit potentes
9. Esurientes implevit bonis
10. Suscepit Israel
11. Sicut locutus est
12. Gloria patri


Óratórian **Messías** er án efa þekktasta verk þýska tónskáldsins Georg Friedrich Händel (1685 – 1759). Händel samdi Messías á met tíma, 24 dögum, árið 1741, en það var ekki frumflutt fyrr en ári síðar. Tæpur mánuður er sannarlega ekki langur tími þegar haft er í huga hve mikið verkið er að vöxtum, enda er viðfangsefnið margbrotið – Messías, eða “sá smurði”, frelsarinn, mannsönnurinn. Verkið er í þremur þáttum, þar sem rakið er allt ferli Jesú Krists, frá fyrstu spádómum um fæðingu hans að píslardauða hans og loks upprisu og sigri hans yfir dauðanum, og þó að það hafi verið samið til flutnings á páska hefur einnig skapast hefð fyrir því að flytja það að hluta eða í heild á aðventunni. Á þessum tónleikum er farin sú algenga leið að flytja fyrsta þáttinn, þann hluta verksins sem fjallar um spádómanna um komu Krists og fæðingu hans, auk Hallelúja-kafans úr öðrum þætti.

Charles Jennens, sem valdi texta í verkið úr Biblíu Jakobs konungs, sá verkið í raun fyrir sér sem óperu í þremur þáttum, með fjölda atriða. Þó titill verksins kunni að gefa annað til kynna er stór hluti “lífbrettósins” úr Gamla testamentinu; textinn í fyrsta þætti er að miklu leyti úr Jesajabók, þar sem spáð er fyrir um komu Messíasar, en við heyrum líka kunnuglegar línur úr guðspjöllum Nýja

testamentisins þegar nær dregur enda þáttarins og spádómarnir rætast.

“Hallelúja-kórinn” úr Messíasi er líklega með þekktari kórþáttum tónbókmenntanna og er vissulega glæsilegur og hrifandi – raunar segir sagan að Georg konungur II hafi orðið svo heillaður af þessum þætti við frumflutning verksins að hann hafi sprottið á fætur – allir sem þekkja til hirðsiða vita að þegar konungurinn stendur upp gera allir viðstaddir það líka, og því fylgdu aðrir gestir dæmi Georgs. Raunar segir önnur saga að konungur hafi staðið upp vegna þess að hann hafi um þær mundir verið slæmur af þvagsýrugigt, sem getur gert langar kyrrsetur harla kvalafullar. Hafa má það sem fyndnara þykir, en víða er það enn venja að tónleikagestir standi undir Hallelúja-kórnum. Textinn í þessum kafla er úr þremur köflum í Opinberunarbókinni Nýja testamentisins, þar sem segir meðal annars:

Of frá hásætinu barst rödd, er sagði: “Lofsyngið Guði vorum, allir þér þjónar hans, þér sem hann óttist,



smáir og stórir.” Þá heyrði ég raddir sem frá miklum mannfjölda og sem nið margra vatna og sem gný frá sterkum þrumum. Þær sögðu: “Hallelúja, Drottinn Guð vor, hinn alvaldi, er konungur orðinn [...] Drottinn og Kristur hans hafa fengið vald yfir heiminum og hann mun ríkja um aldir alda.” [...] Og á skikkju sinni og lend sinni hefur hann ritað nafn: “Konungur konunga og Drottinn drottna.” (Opinb. 19:6, 11:15, 19:16)

Það má sannarlega segja að undir slíkum boðskap sé vel við hæfi að rísa úr sætum, hvaðan sem hefðin kann að vera upp runnin. Það er þó að sjálfsgöðu valfrjálst.

Magnificat Johannis Sebastians Bach (1685-1750) telst, líkt og Messías, til höfuðverka barokksins og tónbókmenntanna allra. Verkið er samið fyrir fimm raddir og hljómsveit og textinn er úr Lúkasarguðspjalli. Það var upprunalega flutt á aftansöng á jólum í Leipzig árið 1723. Þá var texti verksins mun “jólalegri” en hann er nú, og tóntegund þess es-dúr, en Bach var markaðsvænt tónskáld og gerði síðar umtalsverðar breytingar á verkinu í því skyni að hægt væri að flytja það árið um kring. Jólátextarnir voru teknir út og Bach breytti upprunalegri tóntegund verksins í D-dúr, svo tilkomumiklir trompethljómarnir fengju betur

notið sín. Boðskapur verksins á þó enn einkar vel við á aðventu, þar sem texti þess lýtur allur að gleðinni og fögnuðinum sem fylgir þeirri vissu að brátt muni frelsarinn fæðast. Heilög María, jómfrúin þungaða, hefur upp raust sína og lofsyngur Drottinn fyrir það kraftaverk að hún muni brátt fá að fæða Guðssoninn í heiminn. Gleði Maríu er persónuleg og sértæk, en um leið er hún holdgerving gleðinnar og tilhlökkunarinnar sem fyllir sálir okkar á aðventunni.

Þó Magnificat og Messías séu geysilega ólík verk að áferð og nálgun fara þau þó vel saman á efnisskrá aðventutónleika. Bæði verkin fjalla um boðun, von, tilhlökkun, væntingar og upphafningu mannsandans. Alpýðustúlkan María, spámenn Gamla testamentisins og guðspjallamenn Biblíunnar sameinast í boðskapnum: að mannkyni muni fæðast lausnari, að þeir sem í myrkri búa skuli sjá mikið ljós, að upp muni koma lífsins sól. Þau færa okkur aðventuna sjálfa í meitluðum texta og himneskum tónum.



Hákon Leifsson lagði stund á hornleik við Konunglega konservatoríið í Kaupmannahöfn og lauk kennaraprófi á hljóðfærið 1986 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þá stundaði hann tónsmíðanám hjá Hallgrími Helgasyni, Atla Heimi Sveinssyni og við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Hákon lauk prófi sem Master of Music í Hljómsveitarstjórn frá New England Conservatory í Boston árið 1990 og hefur starfað talsvert sem hljómsveitarstjóri, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku

hljómsveitinni, CAPUT, Jón Leifs camerata og Blásarakvintett Reykjavíkur. Hákon hefur stjórnað Háskólakórnum í rúman áratug og stofnaði kammerkórinn Vox academica árið 1996. Hákon lauk doktorsprófi frá University of Washington, Seattle í ágúst 2004 undir handleiðslu prófessor Abraham Kaplan og Peter Erös. Hákon er enn fremur menntaður leikari og hefur unnið talsvert í leikhúsi, bæði sem leikari og tónskáld. Frá 2001 hefur hann verið organisti og kórstjóri við Keflavíkurkirkju.

Vox academica er á sínu tíunda starfsári, en kórinn var upphaflega stofnaður sem eins konar framhaldsdeild frá Háskólakórnum og var þá einkum skipaður kórfélögum sem lokið höfðu háskólanámi en vildu halda áfram að syngja. Síðan þá hefur kórinn þróast út í að vera almennur kór og félagarnir koma til starfa úr ýmsum áttum, en eiga það sameiginlegt að hafa umtalsverða kórreynslu eða vera tónlistarmenntaðir.

Kórinn hefur undanfarin ár skapað sér nafn, nokkurn virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og eignast traustan hóp áheyrenda.

Efnisskrá kórsins hefur frá upphafi verið mjög metnaðarfull og fjölbreytt og áhersla lögð á að flytja jafnt klassísk kórverk, íslensk og erlend, sem og samtímatónlist, sem oft

hefur verið samin sérstaklega fyrir kórinn. Á Myrkum músíkdögum í febrúar 2006 flutti kórinn metnaðarfulla dagskrá íslenskra samtímakórverka þar sem þrjú af sex verkum á efnisskránni voru samin sérstaklega fyrir kórinn og frumflutt við þetta tækifæri. Flutningur kórsins fékk afbragðsdóma. Í maí 2006 hélt Vox academica í söngferð til Þórshafnar í Færeyjum.

Kórinn heldur að jafnaði tvenna tónleika á ári, auk fastra aðventutónleika, og hefur lagt áherslu á að flytja að minnsta kosti eitt stórt kórverk með hljómsveit ár hvert. Þessir tónleikar hafa verið ákaflega vel sóttir. Meðal klassískra kórverka sem kórinn hefur flutt má nefna *Sálumessu* eftir Fauré og *Sálumessu* eftir Mozart, *Carmina burana* eftir Orff og *Gloriu* eftir Vivaldi, en meðal stærri samtímaverka má nefna *Lincoln Mass* eftir Úlfar Inga Haraldsson, *African Sanctus* eftir David Fanshawe og *Hjörturinn skiptir um dvalarstað* eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson. Flutningur Vox academica, Diddú og Rússíbananna á síðastnefnda verkinu kom út á geisladiski árið 2003 og var diskurinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna það ár.

Kórinn hefur leitast við að fá til samstarfs við sig afbragðs tónlistarmenn, einleikara og einsöngvara, og það hefur hann einnig gert á þessum tónleikum.



Stjórnandi og stofnandi Vox academica er Hákon Leifsson, en frekari upplýsingar má finna á www.habil.is/vox.

Jón Leifs Camerata var stofnuð 28. nóvember 2002 af Hákonni Leifssyni og Jóhannesi Georgssyni. Hljófæraleikarar í hljómsveitinni eru allir meðlimir í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en stærð hljómsveitarinnar fer eftir því verki sem verið er að flytja hverju sinni. Markmið

Jón Leifs Camerata er að styrkja starfsemi kóra, einleikara og tónskálda bæði við frumflutning á nýjum íslenskum verkum sem og á eldri verkum, þekktum og óþekktum. Hljómsveitin hefur starfað óslitið frá upphafi undir stjórn Hákonar Leifssonar.

Messías

Tenór:

Comfort ye, comfort ye my people, saith your God. Speak ye comfortably to Jerusalem, and cry unto her, that her warfare is accomplish'd, that her Iniquity is pardoned. The voice of him that crieth in the wilderness; prepare ye the way of the Lord; make straight in the desert a highway for our God. Ev'ry valley shall be exalted, and ev'ry mountain and hill made low; the crooked straight, and the rough places plain.

Kór:

And the glory of the Lord shall be revealed, and all flesh shall see it together; for the mouth of the Lord hath spoken it.

Bassi:

Thus saith the Lord, the Lord of Hosts; Yet once a little while and I will shake the heav'ns and the earth, the sea and the dry land: And I will shake all nations; and the desire of all nations shall come.

Alt:

But who may abide the day of His coming, and who shall stand when He appeareth? For He is like a refiner's fire.

Kór:

And He shall purify the sons of Levi, that they may offer unto the Lord an offering in righteousness.

Alt:

Behold, a virgin shall conceive and bear a Son, and shall call his name Emmanuel, GOD WITH US.

Alt og kór:

O thou that tellest good tidings to Zion, get thee up into the high mountain. O thou that tellest good tidings to Jerusalem, lift up thy voice with strength; lift it up, be not afraid; say unto the cities of Judah, behold your God! O thou that tellest good tidings to Zion, Arise, shine, for thy Light is come, and the glory of the Lord is risen upon thee.

Tenór:

Huggið, huggið lýð minn! segir Guð yðar. Hughreustið Jerúsalem og boðið henni, að áþján hennar sé á enda, að sekt hennar sé goldin, að hún hafi fengið tvöfalt af hendi Drottins fyrir allar syndir sínar! Heyr, kallað er: Greiðið götu Drottins í eyðimörkinni, ryðjið Guði vorum veg í óbyggðinni! Sérhver dalur skal hækka, hvert fjall og háls lækka. Hólarnir skulu verða að jafnsléttu og hamrarnir að dalagrundum! (Jesaja 40:1-4)

Kór:

Dýrð Drottins mun birtast, og allt hold mun sjá það, því að munnur Drottins hefir talað það! (Jesaja 40:5)

Bassi:

Því að svo segir Drottinn allsherjar: Eftir skamma hríð mun ég hræra himin og jörð, haf og þurrlendi. Ég mun hræra allar þjóðir, svo að gersemar allra þjóða skulu hingað koma, og ég mun fylla hús þetta dýrð - segir Drottinn allsherjar. (Haggaí 2:6-7)

Alt:

En hver má afbera þann dag, er hann kemur, og hver fær staðist, þegar hann birtist? Því að hann er sem eldur málmbræðslumannsins og sem lútarsalt þvottamannanna. (Malakí 3.2)

Kór:

Og hann mun sitja og bræða og hreinsa silfrið, og hann mun hreinsa levítana og gjöra þá skíra sem gull og silfur, til þess að Drottinn hafi aftur þá menn, er bera fram fórnir á þann hátt sem rétt er. (Malakí 3.3)

Alt:

Sjá, yngismær verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel, það þýðir: Guð með oss. (Jesaja 7:14, Matteus 1:23)

Alt og kór:

Stíg upp á hátt fjall, þú Sión fagnaðarboði! Hef upp raust þína kröftuglega, þú Jerúsalem fagnaðarboði! Hef upp raustina, óttast eigi, seg borgunum í Júda: “Sjá, Guð yðar kemur!” Statt upp, skín þú, því að ljós þitt kemur og dýrð Drottins rennur upp yfir þér! (Jesaja 40:9, 60:1)

Bassi:

For behold, darkness shall cover the earth, and gross darkness the people; but the Lord shall arise upon thee, and His glory shall be seen upon thee. And the Gentiles shall come to thy light, and kings to the brightness of thy rising.

Bassi:

The people that walked in darkness have seen a great light; and they that dwell in the land of the shadow of death, upon them hath the light shined.

Kór:

For unto us a Child is born, unto us a Son is given, and the government shall be upon His shoulder; and His name shall be called Wonderful, Counsellor, the Mighty God, the Everlasting Father, the Prince of Peace.

1. og 2. Sópran:

There were shepherds abiding in the field, keeping watch over their flocks by night.

And lo, the angel of the Lord came upon them, and the glory of the Lord shone round about them, and they were sore afraid.

And the angel said unto them: Fear not, for behold, I bring you good tidings of great joy, which shall be to all people. For unto you is born this day in the city of David a Saviour, which is Christ the Lord.

And suddenly there was with the angel, a multitude of the heavenly host, praising God, and saying:

Kór:

Glory to God in the highest, and peace on earth, good will towards men.

Sópran:

Rejoice greatly, O daughter of Zion; shout, O daughter of Jerusalem! Behold, thy King cometh unto thee; He is the righteous Saviour, and He shall speak peace unto the heathen.

Bassi:

Sjá, myrkur grúfir yfir jörðinni og sorti yfir þjóðunum. En yfir þér upp rennur Drottinn, og dýrð hans birtist yfir þér. Þjóðirnar stefna á ljós þitt og konungar á ljómann, sem upp rennur yfir þér. (Jesaja 60:2-3)

Bassi:

Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós. Yfir þá, sem búa í landi náttmykranna, skín ljós. (Jesaja 9:2)

Kór:

Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi. (Jesaja 9:6)

1. og 2. Sópran:

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim, og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir, en engillinn sagði við þá: “Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu.” Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu Guð og sögðu: (Lúkas 2:8-13)

Kór:

Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á. (Lúkas 2:14)

Sópran:

Fagna þú mjög, dóttirin Síon, lát gleðilátum, dóttirin Jerúsalem! Sjá, konungur þinn kemur til þín. Réttlátur er hann og sigursæll, lítilátur og ríður asna, ungum ösnufola. Hann útrýmir hervögnum úr Efraím og víghestum úr Jerúsalem. Öllum herbogum mun og útrýmt verða, og hann mun veita þjóðunum frið með úrskurðum sínum. (Sekaría 9:9-10)

Sópran og alt:

Then shall the eyes of the blind be opened, and the ears of the deaf unstopped. Then shall the lame man leap as an hart, and the tongue of the dumb shall sing.

Sópran:

He shall feed His flock like a shepherd; and He shall gather the lambs with His arm, and carry them in His bosom, and gently lead those that are with young. Come unto Him, all ye that labour, come unto Him that are heavy laden, and He will give you rest. Take His yoke upon you, and learn of Him, for He is meek and lowly of heart, and ye shall find rest unto your souls.

Kór:

His yoke is easy, and his burden is light.

Kór:

Hallelúja! for the Lord God omnipotent reigneth. The kingdom of this world is become the kingdom of our Lord, and of His Christ: and He shall reign for ever and ever.

Sópran og alt:

Þá munu augu hinna blindu upp lúkast og opnast eyru hinna dauðu. Þá mun hinn halti létt sé sem hjörtur og tunga hins mállausa fagna lofsyngjandi. (Jesaja 35:5-6)

Sópran:

Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga, taka unglömbin í faðm sér og bera þau í fangi sínu, en leiða mæðurnar. (Jesaja 40:11)

Kór:

Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lífillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. (Matteus 11:28-29)

Kór:

Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt." (Matteus 11:30)

Kór:

Hallelúja, Drottinn Guð vor, hinn alvaldi, er konungur orðinn. Drottinn og Kristur hans hafa fengið vald yfir heiminum og hann mun ríkja um aldir alda. Konungur konunga og Drottinn drottna. (Opinberunarbókin 19:6; 11:15; 19:16)

Magnificat

Kór:

Magnificat anima mea Dominum.

2. sópran:

Et exultavit spiritus meus in Deo salutari meo.

1. sópran

Quia repexit humilitatem ancillae suae; ecce enim ex hoc beatam me dicent.

Kór:

Omnnes generationes.

Bassi:

Quia fecit mihi magna qui potens est, et sanctum nomen eius.

Alt og tenór:

Et misericordia a progenie in progenies timentibus eum.

Kór:

Fecit potentiam in bracchio suo, dispersit superbos mente cordis sui.

Tenór:

Deposuit potentes de sede et exaltavit humiles.

Alt:

Esurientes implevit bonis et divities dimisit inanes.

1. sópran, 2. sópran og alt:

Suscepit Israel puerum suum recordatus misericordiae suae.

Kór:

Sicut locutus est ad Patres nostros, Abraham et semini eius in saecula..

Kór:

Gloria Patri, gloria Filio, gloria et Spiritui Sancto! Sicut erat in principio et nunc et semper et in saeculatum saeculorum. Amen.

Kór:

Önd mín lofar Drottinn

2. sópran:

og andi minn gleðst í Guði frelsara vorum.

1. sópran:

Því að hann hefur litið til ambáttar sinnar í smæð hennar, héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja.

Kór:

Allar kynslóðir.

Bassi:

Því að mikla hluti hefur hinn völdugi við mig gjört, og heilagt er nafn hans.

Alt og tenór:

Miskunn hans við þá er óttast hann varir frá kyni til kyns.

Kór:

Máttarverk hefur hann unnið með armi sínum og drembilátum í hug og hjarta hefur hann tvístrað.

Tenór:

Valdhöfum hefur hann steipt af stóli og upphafið smælingja.

Alt:

Hungraða hefur hann fyllt gæðum, en látið ríka tómhenta frá sér fara

1. sópran, 2. sópran, alt:

Hann hefur minnst miskunnar sinnar og tekið að sér Ísrael þjón sinn

Kór:

eins og hann talaði til feðra vorra, við Abraham og niðja hans ævinlega.

Kór:

Dýrð sé Guði föður, syni og heilögum anda. Svo sem var í upphafi, er enn og verða mun: um aldir alda. Amen.



Hallveig Rúnarsdóttir, 1. sópran, hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991. Hún lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Það sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001.

Meðal hlutverka Hallveigar eru Fiordiligi í Così fan tutte eftir W.A. Mozart og Jane í Happy End eftir Kurt Weill og í janúar síðastliðnum söng Hallveig hlutverk Serviliu í konsertuppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á La Clemenza di Tito eftir W. A. Mozart. Einnig söng Hallveig Kantötu nr 51, Jauchzet Gott in Allen Landen eftir J. S. Bach á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsv eitarinnar síðastliðinn vetur. Hallveig hefur einnig komið fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, kammersveitinni Aldavinum og kammerhópnum Caput.

Hallveig hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim, sungið einsöng í mörgum kirkjulegum verkum t.d. í Hallgrímskirkju, Áskirkju og Vídalínskirkju. Auk þess hefur Hallveig komið fram við fjöldamörg tækifæri hér á landi, nú síðast í Carmina Burana með Söngsveitinni Filharmóníu í september.

Hallveig hefur sérstaklega verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, t.d. á

Listahátíð í Reykjavík og á Sumartónleikum í Skálholti, auk upptaka fyrir útvarp. Hallveig hefur haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi undanfarin ár þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng. Í vor mun fyrsti geisladiskur hennar



koma út hjá útgáfufyrirtækinu Smekkleysu en hann mun innihalda nýja íslenska söngtónlist.

Lilja Eggertsdóttir, 2. sópran, er fædd í Reykjavík 1977.

Hún hóf pianónám í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar tíu ára gömul og útskrifaðist síðar þaðan með 8. stig í píanóleik. Lilja hóf söngnám hjá Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur haustið 1996. Á

sama tíma kynnti hún sér jazzfræði við Tónlistarskóla FÍH og nam m.a. söngnám hjá Tinu Palmer. Í dag stundar hún söngnám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar hjá Jóni Þorsteinssyni söngvara. Lilja er meðlimur í Vox academica undir stjórn Hákonar Leifssonar og einnig í Kammerkór Seljakirkju.

Árið 2000 stofnaði hún tríó með Önnu Hugadóttur víóluleikara og Úlfhildi Indriðadóttur fiðluleikara þar sem þær leika þekkt lög í eigin útsetningum. Lilja hefur komið fram við ýmisleg hátíðleg tækifæri og starfar í dag sem píanókennari hjá Tónskóla Hörpunnar.

Sesselja Kristjánsdóttir, alt, stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi frá tónmenntakennaradeild og síðar 8. stigi frá söngdeild



skólans, þar sem kennari hennar var Rut Magnússon. Þaðan hélt hún í framhaldsnám til Berlínar í Hochschule für Musik Hans Eisler og lauk þar diplómuprófi með hæstu einkunn haustið 2000. Sumarið 2001 lauk Sesselja svo eins árs framhaldsnámi frá sama skóla. Aðalkennari hennar var prófessor Anneliese Fried. Þá sótti hún fasta

tíma hjá prófessorunum Juliu Varady og Wolfram Rieger auk ljóðanámskeiða hjá Scot Weir. Sesselja hlaut Bayreuthstyrk þýsku Richard-Wagner samtakanna sumarið 2000.

Hún hefur komið fram á tónleikum, hér heima og erlendis, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal óperuhlutverka eru Nachbarin í Mavra, Lis í Wie werde ich reich und glücklich, Berta í Rakaranum í Sevilla við National Reisooper í Hollandi. Sesselja var fastráðin að Íslensku óperunni í ágúst 2002. Hjá Íslensku óperunni hefur Sesselja sungið hlutverk þriðju meyjar í Töfraflautunni, Rosinu í Rakaranum í Sevilla, Suzuki og Isabellu í óperutvennunni Madama Butterfly & Ítalska stúlkan í Alsír, Charlottu í Werther og Cherubino í Rakaranum í Sevilla, og nú síðast Öskubusku í samnefndri óperu eftir Rossini.



Þorbjörn Rúnarsson, tenór, hóf söngferil sinn í Skólakór Garðabæjar undir stjórn Guðfinnu Dóru Ólafsdóttur og hefur hann síðan sungið í mörgum kórum. Sumrin 1989-1992 var hann einn af fulltrúum Íslands í Heimskór æskufólks, World Youth Choir, þar sem ungir söngvarar alls staðar að úr heiminum koma saman og syngja.

Þorbjörn hóf nám í söng hjá Sigurði Demetz árið 1992 en flutti til Egilsstaða 1995 og kennir þar við Menntaskóla. Hann stundaði einnig söngnám hjá W. Keith Reed. Þorbjörn hefur sungið í tvígang við Íslensku Óperuna, Almaviva greifa í Rakaranum í Sevilla og Assessor Armstrong í Sweeney Todd eftir Sondheim. Að auki hefur hann sungið í þremur óperuuppfærslum Óperustúdíós Austurlands, Taminó í Töfraflautunni, Almaviva greifa í Rakaranum frá Sevilla og Ferrando í Così Fan Tutte. Þorbjörn hefur sungið hlutverk guðspjallamannsins í Jólaórátoríu og Jóhannesarpassíu eftir Bach, á Egilsstöðum, í Langholtskirkju og í Færeyjum. Önnur einsöngshlutverk hafa orðið á vegi hans s.s. í Messíasi eftir Handel og Requiem eftir Mozart auk ýmissa kantata, messa og smærri verka m.a. eftir Bach, Handel, Mendelssohn og fleiri.



Ágúst Ólafsson, bassi, stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Eiði Á. Gunnarssyni og síðan við Sibelíusar-akademíuna hjá Jorma Hynninen og Sauli Tiilikainen. Ágúst hefur sótt fjölda námskeiða, m.a. hjá Rudolf Jansen, Elly Ameling, Udo Reinemann, Wolfgang Holzmair, Hartmut Höll og Mitsuko Shirai, auk þess sem hann hefur sótt einkatíma hjá Dietrich Fischer-Dieskau. Ágúst tók þátt í tvennum meistarakúrsum Elísabetar Schwarzkopf, sem voru sendir út í sjónvarpi í Þýskalandi, og sótti hjá henni reglulega einkatíma um skeið. Árið 2004 hlaut Ágúst önnur verðlaun í Ljóðasöngskeppni Hugo Wolf Akademiunnar. Ágúst hefur sungið á óperusviðinu og tekið þátt í ýmiskonar tónleikum hér heima og erlendis. Hann mun syngja hlutverk Nick Shadow í Rake's Progress eftir Stravinsky, í Íslensku óperunni í febrúar 2007.



Sópran

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir
Bryndís Hulda Ásgeirsdóttir
Elín Guðjónsdóttir
Gyða Björgvinsdóttir
Halla Sigrún Sigurðardóttir
Hildur Práinsdóttir
Jónína Lýðsdóttir
Lilja Eggertsdóttir
Mamiko Dís Ragnarsdóttir
Ólöf Elísabet Þórðardóttir
Sólveig Gísladóttir
Unnur Hermannsdóttir
Þórdís Bragadóttir

Alt

Ásdís H. Runólfsdóttir
Birna Björnsdóttir
Elfa Lilja Gísladóttir
Erla Þuríður Pétursdóttir
Halla Sverrisdóttir
Laufey Kristinsdóttir
Oddný Þorsteinsdóttir
Vilborg Þórhallsdóttir
Þorgerður Aðalgeirsdóttir
Þóra Másdóttir
Þóra H. Passauer

Tenór

Carlos Ferrer
Eggert Ó. Jóhannsson
Gestur Ásólffsson
Guðmundur Valsson
Gunnar Örn Ingólfsson
Hjörvar Pétursson
Þengill Ólafsson
Þorsteinn M. Björnsson

Bassi

Björn Jónsson
Eðvarð Ingólfsson
Elías Davíðsson
Gunnar Ben
Hálfdán Theodórsson
Már V. Magnússon
Páll Gunnlaugsson
Páll K. Svansson
Þóroddur F. Þóroddsson

Stjórnandi: Hákon Leifsson

Raddþjálfun: Jón Þorsteinsson

Meðleikari á æfingum: Elías Davíðsson

Hljóðfæraleikarar

1. Fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Ágústa M. Jónsdóttir
Mark Reedman

2. Fiðla

Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Pálína Árnadóttir

Víóla

Helga Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Alfreðsson

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Pavel Manasjuk
Lovísa Fjeldsted

Kontrabassi

Jóhannes Georgsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristjana Helgadóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson
Einar St. Jónsson

Fagott

Darren Stonham

Óbó

Peter Tompkins
Guðrún Másdóttir

Sembal

Steingrímur Þórhallsson

Pákur

Eggert Pálsson

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ TÓNLISTARFÓLKS

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áralangri reynslu.
Einstakt úrval hljóðfæra á góðu verði, nótur og fylgihlutir.



Auglýsingar • bréfsefni • bæklingar • bækur • frímerki • fylgiblöð • kort • logo • matseðlar • merkingar • nafnspjöld • veggspjöld ...



SPÖR ehf. Ragnheiður I. Ágústsdóttir • Kjartansgata 4 • 105 Reykjavík
Sími. 561 1831 • Gsm. 862 1307 • netfang. raki@simnet.is




Vox academica þakkar veittan stuðning

12 Tónar
Dalía - Dögg
Eggert feldskeri
Eymundsson
Gevalía
Kreditkort hf.
Landsbanki Íslands, austurbæjarútibú
Melaskóli
Neskirkja
Tónastöðin

Stjórn Vox academica
Gunnar Örn Ingólfsson, formaður
Póra Passauer, gjaldkeri
Páll Gunnlaugsson
Þorgerður Aðalgeirsdóttir

Textagerð Halla Sverrisdóttir, teikningar í efnisskrá
og á auglýsingum gerði Ragnheiður Agúststóttir,
umbrotshönnun Carlos Ferrer.



blomabudin.is

Dalía Reykjavík Sími: 568 9120 Fax: 568 9117



DÖGG Hafnarfirði Sími: 555 0202 Fax: 565 2815

